

113/00 - M.s. Kyndill

m.s. Kyndill, skipverji slasast er hann fellur á þilfari

M.s. Kyndill

Skipaskr.nr.: 1685

Smíðaður: í Noregi 1982 úr stáli

Stærð: 1.198,78 brl; 1.816,00 bt

Lengd: 80,88 m **Breidd:** 13,00 m **Dýpt:** 7,35 m

Vél: MAK 1.770,00 kW **Árgerð:** 1982

Annað:

Földi skipverja: 11



Kyndill ©Hilmar Snorrason

Atvikalýsing

Hinn 2. september 1999 var m.s. Kyndill á siglingu til fiskimiða suður af Grænlandi en þar stóð til að losa farminn í fiskiskip sem þar voru að veiðum. Veður: suðvestan 8-9 vindstig, talsverður sjór (8), skúrir

Eftir tveggja sólarhringa siglingu í slæmu veðri ætluðu skipverjar að dæla olíu af farmgeymum skipsins yfir á neyslugeyma þess. Þá kom í ljós að sjór var í dælurými. Hafði sjórinn runnið eftir stokk fyrir raflagnir frá dælurýminu og aftur eftir skipinu. Við nánari skoðun kom í ljós að geymslur undir hvalbak (bakkanum) voru fullar af sjó. Skipverjar tóku til við að dæla sjónum út og voru skipverjar ýmist úti á þilfari eða inni í hvalbaknum. Skipinu var siglt með minnkaðri ferð á móti sjó og vindi á meðan verið var að dæla sjó úr bakkanum, en ölduhæð var talsverð. Tveir skipverjar voru á aðalþilfarinu fyrir aftan bakkan þegar skyndilega kom sjór inn um austur op á síðunni bakborðsmegin og skolaði yfir þilfarið. Lenti sjórinn á einum skipverjanum sem þar var úti á þilfarinu svo að hann féll við og hlaut hann einhver meiðsli.

Hinn slasaði hvíldist, að eigin sögn, í tvo daga en hóf þá störf aftur þrátt fyrir óþægindi. Hann fór til læknis er skipið kom til hafnar tíu dögum eftir slysið.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjóra hafði frágangur á keðjuklussum gefið sig og sjór komist í keðjukassa. Skipið hafði verið í slipp á Akureyri skömmu áður þar sem skoðun fór fram á akkeriskeðjum og keðkassa. Höfðu mannop að keðjukassa verið opnuð en þegar mannopum var lokað eftir skoðun hafi ekki verið um fullnægjandi herslu á lokubúnaði. Rými fyrir aftan keðjukassann hafi fyllst af sjó og sjór runnið eftir kapalstokk úr rýminu og aftur í dælurýmið miðskips þar sem fyrst uppgötvaðist að sjór var í skipinu. Ætluðu skipverjar að fara að dæla af farmgeymum skipsins á neyslugeyma þess þegar í ljós kom að sjór var í dælurýminu;
- að skipstjóri sagði að tilkynnt hafi verið um slysið daginn eftir og því bókað í dagbók skipsins þann dag. Hann minnst þess ekki að skipverjinn hafi verið frá vinnu næstu tvo daga á eftir;
- að skipverjinn sem var við vinnu með hinum slasaða man ekki eftir að neitt sérstak hafi gerst. Menn hrasi oft á þilfarinu og því hafi hann ekki veitt þessu atviki sérstaka athygli. Hann sagðist ekki hafa verið sjálfur klæddur hlífðarfötum en hásetinn var í hlífðargilla;
- að slasaði sagðist hafa borist með flaumnum um þilfarið og skall harkalega utan í tvisvar sinnum og slasaðist.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.